

Til bæjarstjórnar

Kópavogi, 21. nóvember 2025
25093860/100.01

Efni: Tillögur fulltrúa Viðreisnar vegna fjárhagsáætlunar 2026.

Á 1328. fundi bæjarstjórnar var eftirfarandi bókun vísað til undirritaðrar:

Tillögur frá bæjarfulltrúa Viðreisnar:

- 1. Að unnin verði samgöngustefna fyrir Kópavogsbæ.*
- 2. Að umferðaröryggisáætlun verði endurnýjuð. Sú síðasta er frá árinu 2012.*
- 3. Að göngu- og hjólréiðaáætlun verði gerð.*

Undirrituð óskar eftir að tillögunum verði vísað til bæjarstjóra sem taki afstöðu til tillagnanna fyrir síðari umræðu fjárhagsáætlunar.

Theódóra S. Þorsteinsdóttir

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögunum til bæjarstjóra á milli umræðna.

Undirrituð hefur yfirfarið tillögur bæjarfulltrúa Viðreisnar vegna fjárhagsáætlunar ársins 2025 og er afstaða undirritaðrar svofelld:

1. Gerð samgöngustefnu er í senn umfangsmikil og stefnumarkandi vinna sem margir þurfa að koma að, jafnt kjörnir fulltrúar sem viðeigandi hagaðilar. Vanda þarf til verka við slíka vinnu, ásamt því að leyfa verkefninu að þroskast áður en endanleg afurð liggur fyrir. Út frá því sjónarmiði telur undirrituð rétt að slík vinna fari fram í upphafi eða á fyrri helmingi kjörtímabils sveitarstjórnar.
2. Umferðaröryggisáætlun tengist náið samgöngustefnu og er æskilegt að samgöngustefna liggi fyrir þegar endurskoðun umferðaröryggisáætlunar fer fram. Vinna við umferðaröryggisáætlun gæti einnig farið fram samhliða gerð samgöngustefnu. Með vísan til umfjöllunar um samgöngustefnu er það mat undirritaðrar að rétt sé að endurskoðun umferðaröryggisáætlunar haldist í hendur við gerð samgöngustefnu.
3. Í upphafi árs 2025 hófst vinna við gerð nýrrar hjólréiðaáætlunar á umhverfissviði Kópavogs. Megináherslur hennar eru:
 - a) Aukin notkun vistvænna samgangna
 - b) Fjölgun hjólaleiða og hjólastíga
 - c) Bætt þjónusta og öryggi.

Áætlunin er unnin samhliða öðrum verkefnum í samstarfi við Betri samgöngur, auk þess sem önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem vinna að eða endurskoða eigin hjólréiðaáætlanir, taka þátt til að tryggja samræmi í uppbyggingu hjóla- og

göngustíga. Í framhaldinu verður haft samráð við aðra hagaðila sem tengjast hjólreiðum og samgöngubótum.

Með vísan til ofanritaðs telur undirrituð ekki tímabært að hefja vinnu við tillögur eitt og tvö, þar sem afar skammt er eftir af yfirstandandi kjörtímabili, en tillaga þrjú er þegar í virkri vinnslu á umhverfissviði. Af framangreindum ástæðum mun undirrituð leggja til við bæjarstjórn að tilvitnuðum breytingartillögum bæjarfulltrúa Viðreisnar verði hafnað við síðari umræðu.

Virðingarfyllst,

[rafrænt undirritað]

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri

